



413. Stjórnarfundur haldinn 15. maí 2013 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS). Fjarverandi Guðjón Axelsson (GA)

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/afgreiðslu Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ á umsóknum aðalstjórnar og deilda. Öllum umsóknum hafnað. **Aðalstjórn furðar sig á afgreiðslu sjóðsstjórnar.**

3. Send bréf.

Engin

4. Landsmót.

Framkvæmdastjóra falið að boða til fyrsta fundar miðvikudaginn 22. maí kl 18:00.

5. Vorfundur UMFÍ.

KG sótti vorfund UMFÍ sem haldin var á Húsavík 11. maí fyrir hönd Keflavíkur. Eitt mál var á dagskrá fundarins Landsmót UMFÍ. Fundurinn var opinn öllum.

6. Formanna- og gjaldkerafundur Keflavíkur.

Formanna- og gjaldkerafundur var haldinn 14. maí þar sem farið var yfir bréf sem barst frá ÍSÍ v/ skattamála íþróttafélaga. Farið var yfir leiðbeiningar ríkisskattstjóra v/skattskyldu íþróttafélaga. Aðalstjórn leggur ríka áherslu á að öll skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu launa fari fram eftir lögum og reglum, á réttum tíma.

7. Önnur mál.

EH skýrði frá fundi sem hann átti með Skúla Þ. Skúlasyni v/ framtíðarnefndar félagsins.

Ákveðið að skipa EH, SG og PMK í framtíðarnefnd félagsins og KG og BI til vara.

Hlutverk framtíðarnefndar er: framtíðarsýn félagsins í uppbyggingu á mannvirkjum og stuðning Reykjanesbæjar við innrastarf félagsins.

EH skýrði frá fundi sem hann átti með Stefáni Bjarkasyni framkvæmdastjóra ÍT sviðs og Guðlaugi Sigurjónssyni framkvæmdastjóra USK sviðs Reykjanesbæjar v/samkomulags Reykjanesbæjar og Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags v/ nýtingu á malarvallarsvæðinu við Hringbraut sem undirritað var 17.03.2010.

EH skýrði frá því að körfuknattleiksdeild hélt aukaaðalfund mánudaginn 13. maí og kosin var nýr formaður Falur Harðarson. Úr stjórn fóru Hermann Helgason eftir 13 ára stjórnarsetu og Birgir Már Bragason eftir 15 ára stjórnarsetu. Aðalstjórn þakkar þeim fyrir þeirra framlag til íþróttamála hér í Keflavík um leið og við bjóðum nýjan formann velkomin og nýja stjórnarmenn.

Næsti fundur ákveðin 30. maí kl. 17:30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:10

Fundinn ritaði SG

